

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfishöfum er heimilt fram til 1. júlí 1996 að dreifa áfengi í umbúðum sem bera merki ÁTVR enda hafi umbúðirnar verið framleiddar fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og gert verði samkomulag við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins um notkun merkisins.

Fjármálaráðuneytið, 16. nóvember 1995.

Friðrik Sophusson.

Indriði H. Þorláksson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 119/1990
um bréfaskipti, símtöl og heimsóknir til afplánunarfanga.**

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Fangi tekur á móti heimsóknnum í heimsóknarherbergi, sé slíkt herbergi fyrir hendi, en ella tekur fangi á móti heimsókn í klefa sínum eða í öðru herbergi.

Í sérstökum tilvikum getur forstöðumaður fangelsisins ákveðið að heimsókn til fanga fari fram í öðrum vistarverum fangelsisins, en slík ákvörðun skal bókuð og ástæða tilgreind.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.